

# Skráning tölvugagna – format CF

Formatið CF er notað fyrir vefsíður, margmiðlunarefni og fleiri gögn á tölvutæku formi. Rafrænar bækur og bækur á geisladiskum (t.d. PDF skjöl) fá formatið BK, hvort sem efnið er eingöngu gefið út rafrænt / á geisladiski eða einnig prentað, sbr. *Rafrænn aðgangur – 856 sviðið* á vef Landskerfis bókasafna [www.landskerfi.is](http://www.landskerfi.is)  
Rafræn tímarit fá formatið SE.  
Landakort á tölvutæku formi fá formatið MP.  
Uppsláttarrit á vef, sem uppfærð eru reglulega (eða óreglulega) fá formatið CF

Dæmi um FMT = CF:

- Tölvuleikir
- Tungumálanámskeið á tölvutæku formi
- Margmiðlunarefni, þ.m.t. tölvuorðabækur og kennsluforrit
- Vefsíður

## 1. Skilgreiningar

- Margmiðlun er sú aðferð að nota tvo eða fleiri miðla saman til að koma efni á framfæri. Oftast þegar rætt er um margmiðlun er átt við margmiðlun í tölvum. Hún felur í sér getu tölvva til að samþætta ólíka miðla í eina heild, sem getur til dæmis verið tölvuleikur, auglýsing eða annars konar kynning á efni, svo sem fræðsluefni. Gagnvirkni (interactivity) leikur mikilvægt hlutverk í margmiðlun.
- Vefsíður eru uppfærðar reglulega eða óreglulega, að hluta eða í heild. Uppfærð gerð vefsíðunnar yfirtekur fyrri gerð sem ekki er lengur aðgengileg eða varðveitt. Stundum birtist listi yfir útgáfur síðunnar eða mismunandi höfundarréttarar og má hafa slíkt til marks um að síðan sé breytileg og einungis nýjasta gerð aðgengileg, einnig dagsetning síðustu uppfærslu.

## 2. Aðalheimild lýsingar

Þegar tölvugögn á geisladiski eru skráð er aðalheimild lýsingar diskurinn sjálfur. Ef titill er ekki eins á diskum og hulstri á að velja titil af diskum. Þetta á einnig við um útgáfuár. Upplýsingar eru einungis settar innan hornklofa ef þær eru fengnar annars staðar frá en af gagninu sjálfu (hulstri eða diskum).

Þegar vefsíður eru skráðar er aðalheimild lýsingar vefsíðan sjálf. Ef margir mismunandi titlar birtast á að velja titil af forsiðu.

## 3. Formgreining

Formgreining í deilivíði \$h í sviði 245 með formati CF á að taka mið af efninu sjálfu:

Kennsluforrit \$h [margmiðlunargögn]

Margmiðlunarefni annað en tölvuleikir eða tungumálanámskeið \$h [margmiðlunargögn]

Tungumálanámskeið \$h [tungumálanámskeið]

Tölvuleikir \$h [tölvuleikur]

Tölvuorðabækur \$h [margmiðlunargögn]

Vefsíður \$h [rafrænt efni]

## 4. Kóðasvið fyrir CF færslur

FMT=CF

### LEADER

Sæti 05 = n (new)

Sæti 06 = m (computer file)

Sæti 07 = **m** (monograph / item) ef tölvudiskur, **i** (integrating resource) ef vefsíða

### 007 – Ytra form efnis

Tegund formats á að vera *electronic resource*

Sæti 00 = c (computer file)

Sæti 01 = | (no attempt to code)

Sæti 02 = autt sæti

Sæti 03 = c (multicolor)

Sæti 04 = **g** (4¾ in. eða 12 sm) ef diskur, | (no attempt to code) ef vefsíða

Sæti 05 = a (sound on medium)

Sæti 06-13 = | (no attempt to code)

### 008 – Kóðasvið

Eftirtaldar upplýsingar eru greindar:

Tegund ártals – sæti 06 notið **m** fyrir vefsíður

Útgáfuár – sæti 7-10

Útgáfuár – sæti 11-14 notað fyrir vefsíður = 9999

Útgáfuland – sæti 15-17

Notendahópur – sæti 22 **b** ef barnaefni, **e** ef fullorðinsefni

Tegund efnis – sæti 26 **g** ef tölvuleikur, **i** ef gagnvirkt efni (interactive media), **j** ef vefsíða

Tungumál – sæti 35-37

## Tölvuleikir

*Dæmi:*

867946 *Charlie and the chocolate factory*

867957 *Crash twinsanity*

### 028 00 – Útgáfunúmer

Ef útgáfunúmer (publisher number) er á tölvuleikjum skal setja það í þetta svið.

### 245 – Titill og ábyrgðaraðild

Tölvuleiki á alltaf að skrá á titil. Ef titill er ekki eins á diskum og hylstri á að velja titil af diskum. Í deilisviði \$h er sett formgreiningin [tölvuleikur]. Gerð er athugasemd um aðrar birtingarmyndir titils eða aðrar málmyndir titils í sviði 500 og gerðar aukafærslur á titla í sviði 740.

245 00 \$\$a*Charlie and the chocolate factory*\$\$h[tölvuleikur]

### 256 – Tegund tölvugagna

Hér á að setja *Margmiðlunargögn*. Ef þessu sviði er sleppt koma villuboð.

256 ## \$\$a*Margmiðlunargögn*

## 260 – Prentsögn

Notið ekki hornklofa ef upplýsingarnar standa á gagninu (hulstri eða disk). Ef upplýsingar í þetta svið eru ekki til staðar eru skammstafanirnar [S.l. : s.n., s.a.] notaðar.

## 300 – Umfang

Í deilivíð \$a á að setja fjölda diska. Fylgiefni er sett í deilivíð \$e. Bæklingar sem styðja gagnið eru taldir með, en ekki auglýsingabæklingar.

300 ## \$\$a1 tölvudiskur +\$\$ebæklingur

## 500 – Athugasemdir

Hér eru settar athugasemdir um fjölda leikmanna.

500 ## \$\$aFyrir 1 til 2 leikmenn

Ef leikur er byggður á skáldsögu skal taka það fram í sviði 500 og gera aukafærslu á höfund skáldsögunnar.

245 00 \$\$aCharlie and the chocolate factory \$\$h[tölvuleikur]

500 ## \$\$aByggt á sögu Roald Dahl

700 10 \$\$aDahl, Roald,\$\$d1916-1990

## 521 0# – Notendahópur

Aldurshópur sem tölvuleikurinn er ætlaður.

521 0# \$\$aÆtlað 3 ára og eldri

521 0# \$\$aÆtlað yngri en 5 ára

## 538 – Kerfislegar upplýsingar

Hér er þörf á góðum lýsingum á kerfisþörfum. Notið *Windows* en ekki *Win* og *Macintosh* en ekki *Mac*. Notið ekki fyrirsagnir þar sem kerfið setur þær inn sjálfkrafa.

538 ## \$\$aFyrir Windows 98/2000/XP

538 ## \$\$aFyrir PlayStation 2

## 600 – Efnisorð – mannsnafn

Sögupersónur eru settar í svið 600 og meðhöndlaðar á sama hátt og önnur mannanöfn, þ.e. nöfn erlendra sögupersóna eru viðsnúin og nöfn íslenskra sögupersóna fara í deilivíð \$a, \$7 og \$1.

600 14 \$\$aBond, James\$\$c(sögupersóna)

## 650 #4 – Efnisorð

Notið efnisorðið *Tölvuleikir* með viðeigandi svigagrein, t.d. *Tölvuleikir (Nintendo)*. Notið ekki efnisorðið *Tölvuleikir* án svigagreinar þar sem það er ætlað fyrir umfjöllun um tölvuleiki.

650 #4 \$\$aTölvuleikir (Macintosh)

650 #4 \$\$aTölvuleikir (Nintendo)

650 #4 \$\$aTölvuleikir (PC)

650 #4 \$\$aTölvuleikir (PlayStation 2)

650 #4 \$\$aTölvuleikir (PlayStation)

## 740 – Aukafærsla á titil

Gera á aukafærslur á aðrar birtingarmyndir titils. Formgreiningin \$h [tölvuleikur] er notuð.

# Tungumálanámskeið

Gagnvirk tungumálanámskeið fá formatið CF. Sjá nánar um skráningu á tungumálanámskeiðum í skjalinu *Tungumálanámskeið* á vef Landskerfis bókasafna [www.landskerfi.is](http://www.landskerfi.is)

*Dæmi:*

*980944 Asterix learn English*

*998182 Learn Korean*

## 028 00 – Útgáfunúmer

Ef útgáfunúmer (publisher number) er á tungumálanámskeiði skal setja það í þetta svið.

## 041 0# – Tungumál

Eingöngu notað ef greina þarf fleiri en eitt tungumál. Tungumálið sem verið er að kenna fer í deilisvið \$a. Deilisvið \$a er endurtekið fyrir tungumálið / tungumálin sem kennslan fer fram á.

## 245 – Titill og ábyrgðaraðild

Ef titill er ekki eins á diskum og húlstri á að velja titil af diskum. Í deilisvið \$h er sett formgreiningin [tungumálanámskeið]. Gerð er athugasemd um aðrar birtingarmyndir titils eða aðrar málmyndir titils í sviði 500 og gerðar aukafærslur á titla í sviði 740.

*245 00 \$\$aLearn Korean\$\$h[tungumálanámskeið]*

## 256 – Tegund tölvugagna

Hér á að setja *Margmiðlunargögn*. Ef þessu sviði er sleppt koma villuboð.

*256 ## \$\$aMargmiðlunargögn*

## 260 – Prentsögn

Notið ekki hornklofa ef upplýsingarnar standa á gagninu (húlstri eða diskum). Ef upplýsingar í þetta svið eru ekki til staðar eru skammstafanirnar [S.l. : s.n., s.a.] notaðar.

## 300 – Umfang

Í deilisvið \$a á að setja fjölda diska. Ekki á að setja frekari skýringar, eins og t.d. CD-Rom fyrir aftan. Fylgiefni er sett í deilisvið \$e. Bæklingar sem styðja gagnið eru taldir með, en ekki auglýsingabæklingar.

*300 ## \$\$a1 margmiðlunardiskur*

## 521 0# – Notendur

Notið eftirtalin orð eftir því sem við á:

*521 0# \$\$aByrjendanámskeið*

*521 0# \$\$aMillistig*

*521 0# \$\$aFramhaldsnámskeið*

## 538 – Kerfislegar upplýsingar

Hér er þörf á góðum lýsingum á kerfisþörfum. Notið *Windows* en ekki *Win* og *Macintosh* en ekki *Mac*. Notið ekki fyrirsagnir þar sem kerfið setur þær inn sjálfkrafa.

*538 ## \$\$aFyrir Windows98/2000/XP*

*538 ## \$\$aFyrir Windows 98/2000/ME/XP og Macintosh OS 9*

## 546 - Tungumál

Hér eru settar inn athugasemdir um tungumál.

546 ## \$\$aKennsluefni í spænsku með enskum leiðbeiningum

546 ## \$\$aBæklingur á ensku

## 650 4# – Efnisorð

Notið efnisorðið *Tungumálanámskeið* og heiti tungumálsins sem verið er að kenna. Ef um margmiðlunarefni er að ræða er efnisorðið *Margmiðlunargögn* einnig notað

650 #4 \$\$aTungumálanámskeið

650 #4 \$\$aEnska

650 #4 \$\$aMargmiðlunargögn

## 740 – Aukafærsla á titil

Gera á aukafærslur á aðrar birtingarmyndir titils og nota formgreininguna \$h [tungumálanámskeið].

# Margmiðlunarefni

Margmiðlun er sú aðferð að nota tvo eða fleiri miðla saman til að koma efni á framfæri. Þegar rætt er um margmiðlun er oftast átt við margmiðlun í tölvum. Hún felur í sér getu tölva til að samþætta ólíka miðla í eina heild. Gagnvirkni (interactivity) leikur mikilvægt hlutverk í margmiðlun. Almennt margmiðlunarefni, tölvuorðabækur og kennsluforrit fá formgreininguna margmiðlunargögn.

*Dæmi:*

197214 *Íslensk orðabók*

400531 *Undur líkama míns*

## 028 00 – Útgáfunúmer

Ef útgáfunúmer (publisher number) er til staðar skal setja það í þetta svið.

## 245 – Titill og ábyrgðaraðild

Ef titill er ekki eins á diskum og hylstri á að velja titil af diskum. Í deilisvið \$h er sett formgreiningin [margmiðlunargögn]. Gerð er athugasemd um aðrar birtingarmyndir titils eða aðrar málmyndir titils í sviði 500 og gerðar aukafærslur á titla í sviði 740.

245 10 \$\$aEldvarnir heimilanna\$\$h[margmiðlunargögn] /\$\$schöfundur Ólafur Kr.

Ragnarsson.

## 256 – Tegund tölvugagna

Hér á að setja *Margmiðlunargögn*. Ef þessu sviði er sleppt koma villuboð.

256 ## \$\$aMargmiðlunargögn

## 260 – Prentsögn

Notið ekki hornklofa ef upplýsingarnar standa á gagninu (hylstri eða diskum). Ef upplýsingar í þetta svið eru ekki til staðar eru skammstafanirnar [S.l. : s.n., s.a.] notaðar.

### **300 – Umfang**

Í deilisvið \$a á að setja fjölda diska. Ekki á að setja frekari skýringar eins og t.d. CD-Rom fyrir aftan. Fylgiefni er sett í deilisvið \$e. Bæklingar sem styðja gagnið eru taldir með, en ekki auglýsingabæklingar.

300 ## \$\$a1 margmiðlunardiskur

### **521 0# – Notendahópur**

Ef um er að ræða kennsluforrit er gerð athugasemd um aldurshóp sem það er ætlað.

521 0# \$\$aÆtlað 7 ára og eldri

521 0# \$\$aÆtlað 9-14 ára

521 0# \$\$aÆtlað miðstigi og unglíngastigi grunnskóla

### **538 – Kerfislegar upplýsingar**

Hér er þörf á góðum lýsingum á kerfisþörfum. Notið *Windows* en ekki *Win* og *Macintosh* en ekki *Mac*. Notið ekki fyrirsagnir þar sem kerfið setur þær inn sjálfkrafa.

538 ## \$\$aFyrir Windows 98/2000/XP

538 ## \$\$aFyrir Windows 98/2000/ME/XP og Macintosh OS 9

### **650 #4 – Efnisorð**

Notið efnisorðið *Margmiðlunargögn*. Að öðru leyti lyklað eftir innihaldi

650 #4 \$\$a Margmiðlunargögn

### **740 – Aukafærsla á titil**

Gera á aukafærslur á aðrar birtingarmyndir titils og nota formgreininguna \$h [margmiðlunargögn].

## **Vefsíður**

Vefsíður og uppsláttarrit á vef, sem eru uppfærð, fá formatið CF. Innihaldið er breytilegt og eldri gerð er ekki aðgengileg.

*Dæmi:*

1011703 *Handbók skrásetjara Gegnis*

### **041 0# – Tungumál**

Notað ef vefsíða er á fleiri en einu tungumáli. Deilisvið \$a er endurtekið fyrir tungumál vefsíðunnar

### **245 – Titill og ábyrgðaraðild**

Aðalheimild lýsingar er vefsíðan sjálf. Ef margir mismunandi titlar birtast á að velja titil af forsíðu. Í deilisvið \$h er sett formgreiningin [rafræn gögn]. Gerð er athugasemd um hvenær upplýsingar á vefsíðu eru sóttar. Gerð er athugasemd um aðrar birtingarmyndir titils eða aðrar málmyndir titils í sviði 500 og gerðar aukafærslur í sviði 740

245 00 \$\$aHandbók skrásetjara Gegnis\$\$h[rafræn gögn] /\$\$critstjórn: Hildur Gunnlaugsdóttir, Hólmsfríður Sóley Hjartardóttir, Monika Magnúsdóttir.

500 ## \$\$aUppl. af vefsíðu (29. júní 2007)

## 256 – Tegund tölvugagna

Hér á að setja *Rafræn gögn*. Ef þessu sviði er sleppt koma villuboð.

256 ## \$\$aRafræn gögn

## 260 – Prentsögn

Ef upplýsingar í þetta svið eru ekki til staðar eru skammstafanirnar [S.l. : s.n., s.a.] notaðar.

Upplýsingar í þessu sviði eru einungis greindar innan hornklofa ef þær eru sóttar í aðrar heimildir en vefsíðuna sjálfa.

Um val á útgáfuári:

Ef upphafsár vefsíðu kemur fram á síðunni sjálfri er það greint sem útgáfuár.

Ef upphafsár vefsíðu kemur ekki fram á síðunni sjálfri er stuðst við áreiðanlegar heimildir og upphafsárið greint innan hornklofa.

Ef ekki er hægt að ákvarða upphafsár er nýjasta uppfærsluár greint sem útgáfuár og athugasemd gerð um hvenær upplýsingarnar voru sóttar á vefsíðuna.

260 ## \$\$aChicago :\$\$bUniversity of Chicago,\$\$c[2002-]

260 ## \$\$aReykjavík :\$\$b[s.n.],\$\$c2006-

500 ##Uppl. af vefsíðu (14. apríl 2006)

## 300 – Umfang

Umfang er ekki greint fyrir vefsíður

## 500 – Athugasemd

Tilgreinið hvenær titill eða ártal vefsíðu var sótt

500 ##\$\$aUppl. af vefsíðu (29. júní 2007)

## 538 – Kerfislegar upplýsingar

Gerið grein fyrir forritum sem eru nauðsynleg til að skoða gagnið. Einnig er gerð athugasemd um að um vefsíðu sé að ræða

538 ##\$\$aParf Adobe Acrobat Reader

538 ##\$\$aVefsíða

## 740 – Aukafærsla á titil

Gera á aukafærslur á aðrar birtingarmyndir titils og nota formgreininguna \$h [rafræn gögn].

## 856 – Vefslóð

Sjá nánar í skjalinu *Rafrænn aðgangur – 856 sviðið* á vef Landskerfis bókasafna

[www.landskerfi.is](http://www.landskerfi.is)

### Vísar

Fyrri vísir – 4 (vefslóð)

Seinni vísir – 0 (rafræn útgáfa)

### Deilisvið

\$u

Vefslóðin er sett í deilisvið \$u.

\$\$z

Texti sem á að birtast á vefnum í fullri færslu, heildartexti.

\$4

Í deilisvið \$4 er nauðsynlegt að setja punkt til að vefsíða opnist. Þegar færslan er vistuð gefur kerfið villuboð en þau skal sniðganga.

856 40 \$\$uhttp://hask.bok.hi.is\$\$zHeildartexti\$\$4.